

Fundur fjallskilaneftdar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 30. nóvember 2018

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson, Jóhannes Gissurarson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður segir fund settann og býður fundargesti velkomna.

Kosið var um varaformann og ritara fjallskilaneftdarinnar, var Örvar kosinn áfram sem varaformaður og Þormar áfram sem ritari.

Jóhannes leggur fram uppgjör fjallskila haustið 2018. Áætlun hljóðaði upp á 100 dagsverk en unnin voru 90 dagsverk. Eftir standa þá 10 dagsverk sem ganga í greiðslu til Björgunarsveitarinnar Lífgjafar fyrir notkun á bíl sveitarinnar. Daggjaldið þetta haustið var 14.415 kr. og gera það þá 144.150 kr. sem fara í hlut Lífgjafar. Akstur bíls var 880 km en akstur annarra ökutækja 335 km, en hann kemur ekki til greiðslu á þessu uppgjóri.

Uppgjörið samþykkt.

Formaður sendi til sveitastjóra fjárhagsáætlun fyrir 2019 þann 18. nóvember 2018. Hljóðaði sú áætlun upp á 150-200.000 kr. og er sá peningur ætlaður til viðhalds mannvirkja; rétta, lagfæringa á fjárgerðum og viðhalds húss við Hólmsárfoss.

Send var á lögbýli breytt Fjallskilasamþykkt nú á dögnum, var farið lítillega yfir breytingar sem á henni urðu. Eins hvernig þær munu geta komið við Álftveringa með tilliti til Mýrdalssands og það svæði sem tilheyrir Mýrdalshreppi, sem fé úr Álftaveri gengur á.

Fundargjörð skoðuð samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

---

Fundur fjallskilaneftdar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 4. desember 2018.

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Umhverfisstofnun hefur auglýst til umsagnar tillögu að friðlýsingu virkjunarkostsins: Hólmsárvirkjun við Einhyrning m/miðlun (20), á grundvelli þingsályktunartillögu sem samþykkt var af Alþingi 14. janúar 2013. Er umsagnarfrestur til og með 14. desember næst komandi.

Samkvæmt tillöggunni, sem nær yfir talsvert stórt svæði á Álftaversafrétti virðist sem búið sé að gera að einu tvo gerólíka virkjunarkosti í Hólmsá sem í samþykktri þingsályktun röðuðust annars vegar í verndarflokk og hins vegar í biðflokk.

Fjallskilanefnd samþykkir að senda frá sér umsögn til Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar, þar sem bent er á að með tillöggunni er farið langt út fyrir samþykktir Alþingis frá 14. janúar 2013, auk þess sem ekkert samráð er haft við nytjaréttarhafa á Álftaversafrétti vegna þessa máls.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson